

Leitum að góðu fólki

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) eru bakhjarl sveitarfélaganna í landshlutanum í sameiginlegum málum þeirra og stuðla að blómlegri byggðapróun, öfluggu atvinnulífi, lifandi menningarlífi, uppbyggingu áfangastaða og markaðssetningu. Starfssvæði samtakanna nær yfir Akranes og Hvalfjarðarsveit, Borgarfjörð, Snæfellsnes og Dalabyggð. Hlutverk SSV er að styðja við sveitarfélög og atvinnulíf á Vesturlandi og vinna að uppbyggingu í samræmi við áherslur sveitarfélaganna og í takti við áherslur stjórnvalda um byggðamál.



SAMTÖK
SVEITARFÉLAGA
Á VESTURLANDI

Atvinnuráðgjafi

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi óska eftir að ráða atvinnuráðgjafa. Viðkomandi starfar að verkefnum á öllu Vesturlandi.

Starfssvið

- Vinna að verkefnum á sviði atvinnu- og byggðapróunar á Vesturlandi, s.s. áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vesturlands og verkefni tengd byggðaaætlun
- Ráðgjöf við fyrirtæki og einstaklinga varðandi stofnun, rekstur og þróun fyrirtækja sem og þróun verkefna og fjárfestinga sem styðja við atvinnulíf á Vesturlandi
- Aðkoma að greiningarvinnu á aðstæðum fyrirtækja, heimila og sveitarfélaga
- Veita stuðning, ráðgjöf og aðstoð við umsóknir frumkvöðla og fyrirtækja sem hyggjast ráðast í nýsköpun
- Samvinna við fyrirtæki og sveitarfélög á Vesturlandi sem og aðra aðila sem vinna að atvinnu- og byggðapróun á landsvísu

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun og reynsla sem nýtist í starfi
- Þekking á atvinnulífi og starfsemi sveitarfélaga á Vesturlandi er mikils virði
- Reynsla af verkefnastjórnun er æskileg
- Jákvæðni, sveigjanleiki og lipurð í samskiptum
- Frumkvæði, fagmennska og geta til að vinna sjálfstætt
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Góð tölvukunnátta

Verkefnastjóri

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi óska eftir að ráða verkefnastjóra markaðsmála á Áfangastaða- og markaðssvið SSV (Markaðsstofa Vesturlands). Viðkomandi starfar að verkefnum á öllu Vesturlandi og starfið getur kallað á ferðalög.

Starfssvið

- Verkefnastjórnun og vinna við verkefni sem varða markaðs- og kynningarmál fyrir áfangastaðinn Vesturland
- Samstarf við opinbera aðila sem vinna að kynningu á áfangastaðnum Íslandi
- Ráðgjöf og samstarf við stoð- og hagaðila ferðamála á Vesturlandi varðandi ýmsa verkefnavinnu sem styður við uppbyggingu og gæði ferðamála á áfangastaðnum Vesturlandi
- Samvinna við stoðaðila ferðamála sem vinna að auknum gæðum ferðamála á áfangastaðnum Íslandi

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun og reynsla sem nýtist í starfi
- Þekking á staðhátum og ferðapjónustu á Vesturlandi er mikils virði
- Reynsla af verkefnastjórnun er æskileg
- Jákvæðni, sveigjanleiki og lipurð í samskiptum
- Frumkvæði, fagmennska og geta til að vinna sjálfstætt
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og setja fram skilvirka texta á íslensku og ensku
- Góð alhliða tölvukunnátta og þekking á notkun samfélags- og vefmiðla

Umsóknarfrestur er til og með **2. mars nk.**

Upplýsingar veita Þórdís Sif Arnarsdóttir,
thordis@hagvangur.is, og Geirlaug Jóhannsdóttir,
geirlaug@hagvangur.is.



Umsóknir og
nánari upplýsingar
á **hagvangur.is**